

Nafn: Sunna Lu Xi Gunnarsdóttir

Land: Grikkland

Ár: 2019

Námsár: 3.ár

Ég fór í skiptinám til Grikklands sumarið eftir 3. árið í læknisfræði. Mig hafði alltaf langað til þess að ferðast til Grikklands og var það því fyrir valinu. Ég var í Apenu á almennri skurðeild, en það var hvort tveggja fyrsta val hjá mér.


Við vorum alls 25 skiptinemar í Apenu frá 16 löndum úr næstum öllum heimsálfum. Þetta var frábær og rosalega skemmtilegur hópur. Okkur kom öllum mjög vel saman og hefði ég ekki getað lent í betri hóp!



Aðstaðan

Hópnum voru útvegaðar nokkrar Airbnb íbúðir í borginni og var okkur skipt niður í þær. Íbúðirnar voru þó allar í göngufæri hver frá annarri og því auðvelt að hitta hina úr hópnum. Ég var mjög heppin þar sem ég bjó nálægt spítalanum mínum og gat bæði labbað eða tekið strætó á morgnana. Íbúðin mín var líka staðsett nálægt lestarstöðinni og því ekkert mál að komast um alla borgina. Aðstaðan var nokkuð góð og ég var í íbúð með tveimur öðrum stelpum. Það var sameiginlegt eldhús og baðherbergi en ég fékk mitt eigið svefnherbergi með sjónvarpi og skrifborði. Sumir í hópnum þurftu þó að deila herbergi.

Við fengum 2 heitar máltíðir á dag í háskólanum (hádegismat og kvöldmat) og var maturinn oftast mjög góður. Ég viðurkenni samt að ég hafi stundum verið svolítið þreytt á honum þar sem sami matseðillinn endurtók sig reglulega. En það var svo sem allt í lagi þar sem að við fórum oft út að borða líka og maturinn var alls ekki dýr. Eitt af því besta og ódýrasta sem ég fékk var gyros píta (verðið að smakka það ef þið farið til Grikklands!) en ég borðaði örugglega aðeins of mikið af henni



Anddyrið í blokkinni minni og herbergið mitt.



Útsýni yfir borgina og Acropolis hæð



Þetta eru stelpurnar sem ég deildi íbúðinni með, Zuza frá Póllandi og Azra frá Bosníu og Hersegóvínu. Hérna erum við úti á svölunum í íbúðinni síðasta daginn okkar í Grikklandi.

Spítalinn

Ég var á almennu skurðeildinni á Ippokrateio spítalanum (Ippokrateio General Hospital of Athens) sem var ótrúlega skemmtileg deild. Dagurinn byrjaði venjulega klukkan 8 (Grikkirnir voru samt alls ekki strangir á því að maður mætti tímanlega) og vorum þar oftast til hádegis en læknarnir voru duglegir að segja okkur að fara út í sólina og njóta í staðinn fyrir að vera inni á spítalanum. Eftir spítalann fórum við í hádegismat í háskólanum þar sem allur hópurinn hittist og það sem eftir var dags gerðum við eitthvað skemmtilegt saman fyrir utan spítalann. Við vorum fjögur saman á almennu skurðeildinni og það var mjög vel tekið á móti okkur. Læknarnir voru alltaf til í að kenna okkur og fékk ég til dæmis að aðstoða í mörgum aðgerðum, en maður þurfti samt að vera duglegur að spyrja til að fá að gera meira en bara horfa á í aðgerðinni. Aðgerðirnar voru á mánu-, miðviku- og föstudögum og sá ég t.d. gallblöðrutöku, botnlangatöku, ristilbrotnám, Whipple aðgerð og margt fleira. Á hinum dögnum var svo stofugangur og voru sérfræðingar, deildarlæknar og hjúkrunarfræðingar duglegir að þýða allt yfir á ensku fyrir okkur og svara spurningunum okkar. Svo voru líka grískir læknanemar á deildinni sem að hjálpuðu okkur að túlka á meðan við fengum að tala sjálf við sjúklingana. Brjóstaskurðlæknirinn var svo sérstaklega áhugasamur í að kenna okkur skiptinemunum og bauð hann okkur m.a. í skoðunarferð á brjóstamiðstöðina. Hreinlætið var ekki eins gott og á Íslandi og sá ég sjaldan starfsfólkið spritta sig. Það sem kom mér líka mjög á óvart

var að í einni aðgerðinni ákváðu læknarnir að taka sér kaffipásu í miðri aðgerð og skildu sjúklinginn eftir opinan á skurðarborðinu á meðan!



Hérna erum við fyrir utan spítalann.



Þetta er svo skurðstofugangurinn, læknarnir einbeittir í aðgerð og við stelpurnar fylgjumst áhugasamar með.

Félagslífið (social program)

Félagslífið var æðislegt! Grikkirnir höfðu skipulagt alls konar ferðir og aðra viðburði í mánuðinum og það var ekki eitt kvöld þar sem maður sat inni í herbergi og gerði ekki neitt. Um helgar fórum við í lengri ferðir, en þá hittust allir skiptinemar á Grikklandi (líka þeir sem voru í öðrum borgum) og var ferðinni haldið í einhverja af grísku eyjunum. Ég fór m.a. til Mykonos, Santorini og Skiathos og voru þetta frábærar ferðir í alla staði! Annað sem Grikkirnir höfðu skipulagt í mánuðinum var t.d. alþjóðakvöld þar sem að allir skiptinemarnir komu með mat og drykki frá sínu eigin heimalandi, ratleikur og styttri ferðir (Acropolis, Acropolis safnið, Lycabettus hæðin, Cape Sounion, Hadrian's library, temple of Olympian Zeus, ferð á ströndina og margt fleira). Síðan skipulögðum við skiptinemarnir einnig ferðir sjálfir, en ég fór t.d. ásamt nokkrum til Meteora sem er staðsett í miðju landinu.



Cape Sounion



Hluti af hópnum á Acropolis hæð



Mykonos



Santorini



Meteora



Skiathos

Að lokum vil ég bara segja að þetta var frábær mánuður í alla staði og hefði ég ekki getað ímyndað mér það betra! Skiptinámið var góð reynsla og mjög lærdómsríkt og eignaðist ég marga vini fyrir lífstíð.

Ef þið eruð með einhverjar spurningar varðandi skiptinámið eða ykkur langar að vita eitthvað meira ekki hika við að hafa samband við mig!